

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Skaftárhreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulag ferðaþjónustusvæðisins Mýrar, Hrífunesi.*

Skipulagssvæðið er 31 ha með aðkomu um Hrífunesveg nr. 209, frá hringvegi. Svæðið er óbyggt en þar hefur verið rekið tjaldsvæði um átatugaskeið. Gert er ráð fyrir uppbyggingu hótels og ferðaþjónustu. Gert er ráð fyrir byggingu veitingahúss, aðalhúss og 18-20 tjaldhýsa sem eru gistirými hótelsins.

Samþykkt í sveitarstjórn 12. maí 2011.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Kirkjubæjarklaustri, 21. júní 2011.*

**Anton Kári Halldórsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 5. júlí 2011